

ætti þessu, en að stjórnarráðið að öðru leyti ekki er fráhverft því, að halda málinu lengra, þegar uppástunga um fyrirkomulag þess, sem bygð er á rökum, liggur fyrir hendi, og verða menn því að fela herra amtmanninum á hendur, að útvega uppástungu þessa á hagkvæmastan hátt. 1856.
28. apríl.

11. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um kennslu kvenna í yfirsetufræði. 30. apríl.

Samkvæmt skipun stjórnarherra dómsmálanna lætur stjórnardeildin ekki hjá líða, til þóknanlegrar vitundar og til nauðsynlegrar eptirbreytni, að senda herra stiptamtmaninum (amtmaninum) eptirrit af umburðarbréfi dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna í Danmörku, dagsettu 29. þ. m.¹

12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvalda- anna á Íslandi um sameining nokkurra prestakalla í Árness prófastsdæmi. 6. maí.

Eptir uppástungu herra stiptamtmannsins og yðar, háæru-

1) Umburðarbréf þetta er svo hljóðanda:

„Það dómsmálastjórnin hefir komizt að raun um, að það ber stundum við, að frásagnir þær, sem hlutaðeigandi landlæknar senda stjórnarnefndinni fyrir fæðingarhúsinu og uppfósturhúsinu, viðvikjandi því, að þörf sé á að kenna yfirsetukonum, ekki eru samkvæmar skýrslum amtmanna, og það menn verða að álita, að þetta komi til af því, að hlutaðeigandi landlæknir ekki hefir fengið vitneskju um hvað amtmaðurinn stingur uppá, þá eru það tilmæli mín til herra amtmannsins, að þér í málefnum þeim, sem snerta viðtöku þeirra kvenna, er kenna skal yfirsetufræði, ráðgist um við hlutaðeiganda landlækni, að minnsta kosti á þann hátt, að amtið birti honum í hvert skipti þegar einhver í hans umdæmi annaðhvort kemur í yfirsetukvennskólann eða skilur við hann.

1856.

6. maí.

verðugi herra, í bréfi 24. febrúar þ. á., viðvíkjandi sameining Kaldaðarness, Gaulverjabæjar og Villíngaholts prestakalla í Árness prófastsdæmi í suður-umdæmi Íslands, hefir stjórnarráðið henni samkvæmt ritað konungi um þetta, og hefir Hans Hátign konungurinn með úrskurði sínum 1. þ. m. skipað svo fyrir:

„Vér viljum allramildlegast, að eptirleiðis megi gjöra tvö prestaköll úr þeim þremur prestaköllum: Kaldaðarnesi, Gaulverjabæ og Villíngaholti, það er að skilja:

A. Stokkseyrar prestakall og Kaldaðarnes sem útkirkja, og

- 1) að kalli þessu sé lagðar tekjur þær og jarðir, sem til eru greindar á hjálögðu yfirliti¹⁾, og meðal þeirra einnig jörðin Villíngaholt, eptir að lögleg skoðunargjörð hennar hefir farið fram og ofanálág er gjört; þó skal af þessari jörðu

a) Tekjur þessar eru í yfirlitinu taldar þannig:

1) Afgjöld af jörðum:

1. Villíngaholt, landskuld 1 hdr. : ál., kúgildi 4. 24 rd. 72 sk.	
2. Hamar, — 1 - 40 - — 4. 34 - 27 -	
3. Hamarshjáleiga — : - 80 - — 2. 17 - 84 -	
4. Skógnæs, — 1 - : - — 4. 30 - 91 -	
5. Hellur, — 1 - 40 - — 4. 32 - 11 -	
6. Syðrivöllur, — 1 - 40 - — 4. 34 - 27 -	
	174 rd. 24 sk.

2) Af kirkjunum:

af Stokkseyrar kirkju 6 fjórðungar smjörs. . . 11 rd. 84 sk.

- Kaldaðarnes — 12 — — . . 23 - 72 -

35 - 60 -

3) Tekjur af sóknunum:

a) fasteignartiund 190 hdr. = 57 ál. á 15 sk. . . 8 rd. 87 sk.

b) lausafjártiund 286 - = 86 - á 15 - . 13 - 42 -

c) dagsverk, 82½ á 71 sk. 61 - 1 -

d) lambsféður, 94 á 91½ sk. 89 - 57 -

e) offur, 11 að tölu 15 - -

f) fyrir aukaverk. 69 - 10 -

257 - 5 -

4) Fyrir að skoða kirkjureikningana : - 90 -

samtals . . . 467 rd. 83 sk.

Frá þessu dregst það, sem goldið er til fátækra presta-

ekkna og uppgjafa presta 1 - 48 -

Tekjur allar . . . 466 rd. 35 sk.

1856.
6. maí.

gjalda prestinum til Gaulverjabæjar prestakalls á ári hverju 4 fjórðunga smjörs;

2) að presturinn til Stokkseyrar prestakalls takist á hendur ábyrgð Villíngaholts kirkju;

3) að það verði gjört honum að skyldu, að taka sér bústað annaðhvort á sjálfum verzlunarstaðnum Eyrarbakka eða þá rétt í grend við hann;

4) að guðsþjónustugjörð fari fram tvo helga daga á Stokkseyri, en þriðja hvern helgan dag á Kaldaðarnesi;

5) að eptirlaun ekkna af þessu brauði, sem samkvæmt allra-hæsta konungsbréfi 5. júní 1750 verður eitt af hinum svo nefndu meðalbrauðum, verði eptir 2. gr. í nefndu konungsbréfi ákveðin til $\frac{1}{12}$ hluta hinna vissu tekja, en til fátækra prestaekkna skal á ári hverju greiða 54 sk. og til uppgjafa presta, í líkingu af því sem skipað er í konungsbréfi 14. febrúar 1705, 1 rd. 48 sk. á ári.

B. Gaulverjabæjar prestakall og Villíngaholt sem útkirkja, og

1) að þessu kalli sé lagðar tekjur þær¹, sem til eru greindar á hjálögðu yfirliti;

1) Í yfirlitinu eru tekjur þessar taldar þannig:

1) Afgjöld af jörðum:

1. Gaulverjabær, landsk. 1 hdr. 70 ál., kúg. 6. 48 rd. 26 sk.

2. Brandshús, — — — 80 — — 2.17 - 78 -

3. Garðhús, — — — 60 — — 2.13 - 11 -

4. Dalbær, — — — 60 — — 2.13 - 88 -

5. Vöðlakot, — — — 60 — — 2.13 - 11 -

6. Gerðar, — 1 — — — 3.24 - 8 -

7. Haugur, — 1 — — — 4.29 - 83 -

160 rd. 17 sk.

2) Af Villíngaholts kirkju 4 fjórðungar smjörs. 7 - 88 -

3) Tekjur af sóknunum:

a) fasteignartíund 198 hdr. = 59 $\frac{1}{2}$ ál. á 15 sk. . 9 rd. 29 sk.

b) lausafjártíund 398 $\frac{1}{2}$ — = 119 - á 15 - .18 - 56 -

c) dagsverk, 44 á 71 sk. 32 - 52 -

d) lambsföður, 91 á 91 $\frac{1}{2}$ sk. 86 - 70 -

e) offur, 6 að tölu 10 - — -

f) fyrir aukaverk. 56 - 90 -

214 - 9 -

1856.

6. maí.

2) að guðsþjónustugjörð fari fram annanhvorn helgan dag á Gaulverjabæ og annanhvorn í Villíngaholti;

3) að af þessu brauði sé á ári hverju galdið 54 sk. til fátækra prestaekna og 1 rd. til uppgjafa presta.

C. að Hróarsholts sókn sé sem útkirkja lögð til Hraungerðis og Laugardæla prestakalls, þannig:

1) að á hverjum 6 helgum dögum sé guðsþjónustugjörð framin þrisvarsinnnum í aðalkirkjunni, tvisvar í útkirkjunni á Laugardælum og einusinni í útkirkjunni að Hróarsholti.

2) að presturinn til Hraungerðis prestakalls njóti allra þeirra tekja af Hróarsholts sókn, sem prestinum ber, og kaup af kirkjunni samastaðar;

3) að eptirlaun ekkna af þessu brauði verði ákveðin til $1\frac{1}{2}$ hluta hinna vissu tekja, og að eptirleiðis skuli á ári hverju greiða 54 sk. til fátækra prestaekna af þessu brauði, en 1 rd. 48 sk. á ári til uppgjafapresta."

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknunlegrar vitundar og frekari ráðstafana.

19. maí.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norð-ur- og austur- umdæminu, um fjársýkina á Íslandi¹.

Í skýrslu þeirri, dags. 7. febrúar þ. á., sem herra amtmáðurinn hefir sent um ástand norður- og austur- umdæmisins á tímabilinu frá 26. október f. á. til 7. febrúar þ. á., hafið þér

382 rd. 18 sk.

4) Fyrir að skoða reikning kirkjunnar í Villíngaholti . . . - 45 .

samtals . . . 382 rd. 63 sk.

Frá þessu dregst það, sem galdið er til fátækra prestaekna og uppgjafapresta 1 - 48 -

Tekjur allar . . . 381 rd. 15 sk.

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin bréf líks efnis til amtmannsins í vestur-umdæminu, og var stiptamtmanninum á Íslandi þarhjá send eptirrit af bræfum þessum.